



**23. fundur Ungmennaráðs Múlapings  
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, mánudaginn 17.  
apríl 2023  
og hófst hann kl. 15:30**

**Fundinn sátu:**

Björg Gunnlaugsdóttir aðalmaður, Helgi Magnús Gunnlaugsson aðalmaður, Hilmir Bjólfur Sigurjónsson aðalmaður, Rebecca Lísbet Sharam aðalmaður, Sonja Bríet Steingrímisdóttir aðalmaður, Sævar Atli Sigurðarson aðalmaður, Unnar Aðalsteinsson aðalmaður, Karítas Mekkín Jónasdóttir varamaður, Dagný Erla Ómarsdóttir verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála og Vigdís Diljá Óskarsdóttir verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Erla Ómarsdóttir, verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála

**Dagskrá:**

**1. 202205073 - Skólaakstur**

Ungmennaráð kynnti sér reglur í grunnskóla Múlapings sem samþykktar voru af fjölskylduráði 4.4.2023. Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, fræðslustjóri, kom inn á fundinn og svaraði spurningum ungmennaráðs.

Ráðið fagnar því að það séu komnar samræmdar reglur um skólaakstur í Múlaþingi og þeim breytingum sem heimila nemendum í dreifbýli að taka með sér vini í skólabílinn.

Ungmennaráð þakkar Sigurbjörgu fyrir greinargóð svör og góða kynningu.

**Gestir**

Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir - 15:45

**2. 202304022 - Frá samráði til sóknar - samráðsfund um gerð rafræns samráðsvettvangs ungs fólks og stjórnvalda**

Fyrir liggur boðsbref frá Landssambandi ungmennafélaga (LUF) á samráðsfund um gerð rafræns samráðsvettvangs ungs fólks og stjórnvalda og 1. leiðtogaáráðsfund LUF sem haldinn verður 26. apríl nk.

Fyrirhugað er að senda tvo fulltrúa á fundinn og felur ungmennaráð starfsmanni að grafast fyrir um þá möguleika sem eru fyrir hendi.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**3. 202304051 - Sameiginlegur fundur sveitarstjórnar og ungmennaráðs**



Í erindisbréfi ungmennaráðs segir að sveitarstjórn Múlapings og ungmennaráð skuli halda einn til tvo sameiginlega fundi ár hvert.

Ungmennaráð felur starfsmanni sínum að hafa samband við sveitarstjóra Múlapings og finna heppilega tímasetningu fyrir fundinn. Ráðið leggur til að miðvikudagurinn 14. júní verði fyrir valinu.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

#### **4. 202302012 - Fræðslusamningur, Samtökin 78**

Ungmennaráð fagnar því að búið sé að ganga frá samningi við Samtökin 78 og stendur við fyrri bókun síðan 12.12.2022 um að mikilvægt sé að Múlaping sé leiðandi í jafnréttismálum og telur að hinsegin fræðsla sé gagnleg og lífsnauðsynleg í þeirri baráttu, bæði gegn óæskilegri orðræðu og fordómum í samfélaginu.

Ungmennaráð hlakkar til samstarfsins við Samtökin 78.

#### **5. 202304052 - Kynning á ungmennaráði í skólum Múlapings**

Stefnt að því að kynna ungmennaráðið fyrir grunnskólanemendum í 8.-10. bekk og viðeigandi stofnanir í sveitarfélaginu.

Lagt fram til kynningar.

#### **6. 202203173 - Erindisbréf ungmennaráðs**

Ungmennaráð leggur til við sveitarstjórn tvær breytingar á 8. gr. í erindisbréfi ungmennaráðs.

Breytingartillaga 1 felur í sér að eftirfarandi málsgrein verði tekin út:

Einn fulltrúi Ungs Austurlands og einn til vara. Fulltrúi Ungs Austurlands er skipaður af stjórn félagsins.

Í stað hennar verði:

Einn fulltrúi sem skipaður er úr Vegahúsinu og einn til vara.

Breytingartillaga 2: að ungmennaráð starfi í tvö ár í senn en ekki í eitt ár í senn.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30**

